Starfsáætlun
Leikskólinn Álfasteinn

Ábyrgð-virðing-samvinna
Við berum ábyrgð, sýnum virðingu og vinnum saman



2026-2027

Efnisyfirlit

Formáli 5
1. Inngangur 6
2. Aðalnámskrá leikskóla 8
Grunnþættir menntunar 8
Læsi 8
Sjálfbærni 8
Heilbrigði og velferð 9
Lýðræði og mannréttindi 9
Jafnrétti 9
Sköpun 9
Leikurinn sem námsleið 9
Hlutverk starfsfólks 9
3. Einkunnarorð og gildi 9
Ábyrgð – Virðing – Samvinna 10
Ábyrgð 10
Virðing 10
Samvinna 10
Gildin í framkvæmd 11
4. Megináherslur skólaársins 2026–2027 11
Fyrirsjáanleiki 11
Námsumhverfi 11
Þróun flæðis 12
Faglegt lærdómssamfélag 12
Samstarf við foreldra 13
Umbótaáherslur skólaársins 13
5. Starfsmannahald 13
Starfsmannastefna 14
Skipulag og ábyrgð 14
Símenntun og starfsþróun 14
Móttaka nýrra starfsmanna 15
Starfsþróunarsamtöl 15
Starfsandi og vinnumenning 16
6. Daglegt starf 16
Námsumhverfi 16

Leikurinn sem námsleið 17
Læsi og samskipti 17
Sköpun og rannsóknir 17
Heilbrigði og vellíðan 18
Sjálfbærni 18
Samþætt nám 18
Daglegt skipulag 19
7. Skóladagatal 19
Skipulagsdagar 20
Viðburðir skólaársins 20
Birting skóladagatals 21
8. Samstarf 21
Samstarf við foreldra 21
Foreldraráð og foreldrafélag 22
Samstarf starfsfólks 22
Samstarf við grunnskóla 22
Samstarf við sérfræðinga 23
Samstarf við nærsamfélagið 23
Samstarf byggir á sameiginlegri ábyrgð 23
9. Stoðþjónusta 23
Snemmtækur stuðningur 24
Inngildandi leikskólastarf 24
Sérkennsla og stuðningur 24
Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna 24
Samstarf við sérfræðinga 25
Mat og eftirfylgni 25
Markmið skólaársins 26
10. Mat á skólastarfi 26
Markmið innra mats 26
Framkvæmd innra mats 26
Matsteymi 27
Þátttaka starfsfólks 27
Þátttaka foreldra 27
Mat á námi og þroska barna 28
Umbótaáætlun 28
Ytra mat 29

Samantekt 29
11. Öryggi og velferð 29
Líkamlegt öryggi 29
Andleg og félagsleg vellíðan 30
SMT og jákvæður skólabragur 30
Heilbrigði 30
Brunavarnir og rýming 31
Barnavernd 31
Viðbragðsáætlanir 31
Sameiginleg ábyrgð 31
12. Lokaorð 32
Fylgiskjöl 33

Formáli

Starfsácetlun leikskólans Álfasteins fyrir skólaárið 2026–2027 er leiðarljós fyrir starfsemi leikskólans. Hún lýsir stefnu skólans, megináherslum, skipulagi og markmiðum og er ætlað að stuðla að samræmdum og faglegum starfsháttum. Starfsácetlunin er unnin í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008, Aðalnámskrá leikskóla, lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og Menntastefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Starfsácetlunin er lifandi skjal sem styður við stöðuga þróun leikskólans. Hún er unnin í nánu samstarfi stjórnenda og starfsfólks og byggir á sameiginlegri ábyrgð, faglegri ígrundun og þeirri sannfæringu að með markvissu samstarfi verði Álfasteinn áfram leikskóli þar sem gæði, vellíðan og gleði í leik og námi eru í fyrirrúmi.

„Á Álfasteini trúum við því að öflugt leikskólastarf byggist á því að börn fái að leika, rannsaka, skapa og læra í öruggu, fyrirsjáanlegu og hvetjandi umhverfi þar sem ábyrgð, virðing og samvinna eru leiðarljós í öllu starfi.“ Á þessum tímamótum lítur Álfasteinn með stolti yfir farinn veg en jafnframt af metnaði til framtíðar þar sem áfram verður unnið að því að þróa leikskólastarf sem byggir á fagmennsku, samvinnu og velferð barna.

1. Inngangur

Leikskólinn Álfasteinn tók til starfa 15. mars 2001 og fagnaði 25 ára starfsafmæli sínu árið 2026. Frá upphafi hefur leikskólinn lagt áherslu á faglegt leikskólastarf þar sem leikur, sköpun, rannsóknir og lýðræðisleg þátttaka barna eru hornsteinar náms og þroska. Álfasteinn er fjögurra deilda leikskóli í Hafnarfirði og starfar samkvæmt lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Á Degi leikskólans árið 2026 hlaut Álfasteinn **Orðsporið**, hvatningarverðlaun leikskóla sem Félag leikskólakennara, Félag stjórnenda leikskóla, mennta- og barnamálaráðuneytið, Samband íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóli standa að. Í umsögn kom fram að Álfasteinn væri fyrirmynd að inngildandi, menningarnæmu, rannsóknarmiðuðu og faglegu leikskólastarfi. Jafnframt var lögð áhersla á hvernig markvisst þróunarstarf, byggt á fræðilegum grunni og samvinnu, getur skapað varanlegan ávinning fyrir börn, foreldra og samfélagið í heild. Viðurkenningin er okkur mikil hvatning og staðfesting á þeirri faglegu stefnu sem Álfasteinn hefur markvisst byggt upp og þróað, með hagsmuni barna ávallt að leiðarljósi.

Starf Álfasteins byggir á hugmyndafræði **John Dewey**, sem leggur áherslu á að börn læri með virkri þátttöku, reynslu og samskiptum. Við lítum á börn sem hæfa, fróðleiksfúsa og virka þátttakendur sem byggja upp þekkingu sína í leik, rannsóknum og samvinnu við aðra. Hlutverk starfsfólks er að skapa hvetjandi námsumhverfi þar sem börn fá tækifæri til að kanna, prófa, skapa og læra á eigin forsendum.

Einingakubbar **Caroline Pratt** eru órjúfanlegur hluti af sérstöðu Álfasteins og hafa verið það frá stofnun leikskólans. Kubbarnir, bæði inni og úti, skapa fjölbreytt tækifæri til leikja, rannsókna, samvinnu, lausnaleitar og skapandi hugsunar. Þeir styðja jafnframt við málþroska, stærðfræðilega hugsun og félagsfærni barna og eru mikilvægur hluti af námsumhverfi leikskólans.

Á undanförnum árum hefur leikskólinn unnið markvisst að þróun námsumhverfis og starfshátta í samræmi við endurskoðaða Aðalnámskrá leikskóla. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að efla leik sem námsleið, þróa hvetjandi og fjölbreytt leiksvæði, endurskipuleggja efnivið og skapa umhverfi sem styður við sjálfstæði, frumkvæði og þátttöku barna. Reynslan af þeirri vinnu hefur undirstrikað mikilvægi þess að námsumhverfið sé vel skipulagt, aðgengilegt og taki mið af áhuga, þörfum og getu barnanna.

Álfasteinn er lærdómssamfélag þar sem fagleg ígrundun, samvinna og stöðugar umbætur eru eðlilegur hluti af daglegu starfi. Starfsfólk vinnur markvisst með niðurstöður innra mats, ígrundunar og annarra gagna til að þróa starfshætti, efla gæði leikskólastarfs og tryggja að starf leikskólans þróist í takt við þarfir barnanna og samfélagsins.

Áherslur skólaársins 2026–2027 byggja á þeirri vegferð sem leikskólinn hefur verið á undanfarin ár. Markmiðið er að styrkja enn frekar faglegt starf, efla fyrirsjáanleika í daglegu skipulagi, þróa námsumhverfið áfram og stuðla að því að öll börn fái notið styrkleika sinna í öruggu, skapandi og inngildandi leikskólasamfélagi.

Einkunnarorð Álfasteins eru **ábyrgð, virðing og samvinna**. Þau eru leiðarljós í öllu starfi leikskólans og endurspeglast í samskiptum barna, starfsfólks og foreldra, í skipulagi námsumhverfis og í þeirri faglegu menningu sem byggð hefur verið upp innan skólans. Markmið okkar er að skapa samfélag þar sem öll börn upplifa öryggi, tilheyra hópnum og fá tækifæri til að dafna á eigin forsendum.

Á þessu skólaári leggjum við einnig áherslu á að endurskipuleggja rými leikskólans þannig að þau endurspegli betur einkunnarorð okkar og styðji við fyrirsjáanleika í daglegu starfi barnanna. Með markvissri hönnun námsumhverfisins viljum við skapa rými sem hvetja til rannsókna og sköpunar, þar sem hvert barn finnur sinn stað og fær tækifæri til að dafna út frá eigin styrkleikum.

2. Aðalnámskrá leikskóla

Aðalnámskrá leikskóla er sá faglegi rammi sem starf leikskólans Álfasteins byggir á. Hún skilgreinir hlutverk leikskólans, markmið menntunar og þau gildi sem eiga að endurspeglast í daglegu starfi. Starf leikskólans tekur mið af lögum um leikskóla nr. 90/2008 og Aðalnámskrá leikskóla (2024), þar sem leikurinn er skilgreindur sem meginnámsleið barnsins og virk þátttaka þess grundvallarforsenda náms og þroska.

Á Álfasteini er litið á hvert barn sem hæfan, forvitinn og virkan þátttakanda í eigin námi. Starfsfólk skapar fjölbreytt námsumhverfi sem hvetur börn til að leika, rannsaka, skapa, spyrja spurninga og vinna með öðrum. Með markvissri leiðsögn styður starfsfólkið við forvitni barna, sjálfstæði og trú á eigin getu.

Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru leiðarljós í öllu starfi leikskólans og fléttast inn í leik, samskipti og dagleg verkefni. Þeir eru ekki kenndir sem aðskilin viðfangsefni heldur birtast í öllu námsumhverfi leikskólans.

Læsi

Læsi felur í sér tjáningu, samskipti, hlustun, skilning og gagnrýna hugsun. Á Álfasteini er rík áhersla lögð á málörvun í daglegu starfi þar sem börn fá fjölbreytt tækifæri til að hlusta, ræða, lesa, segja frá og tjá hugmyndir sínar í leik og verkefnum.

Sjálfbærni

Börn læra um sjálfbærni með þátttöku í daglegu lífi leikskólans. Þau taka þátt í flokkun, ganga vel um efnivið, nýta auðlindir af ábyrgð og kynnast náttúrunni í gegnum leik og rannsóknir. Markmiðið er að efla ábyrgð barna gagnvart sjálfum sér, öðrum og umhverfinu.

Heilbrigði og velferð

Áhersla er lögð á að skapa öruggt og jákvætt umhverfi þar sem börn upplifa öryggi, tilheyra hópnum og njóta sín. Daglegt starf styður við líkamlega, andlega og félagslega vellíðan með hreyfingu, útiveru, hollri næringu, hvíld og jákvæðum samskiptum.

Lýðræði og mannréttindi

Börn eiga rétt á að láta rödd sína heyrast og hafa áhrif á eigið líf í samræmi við aldur og þroska. Á Álfasteini er lögð áhersla á að börn taki þátt í ákvörðunum um leik sinn og verkefni, læri að virða skoðanir annarra og upplifi að þau séu mikilvægir þátttakendur í samfélagi leikskólans.

Jafnrétti
Öll börn eiga rétt á sömu tækifærum til náms og þátttöku. Námsumhverfi og starfshættir eru skipulagðir þannig að tekið sé mið af fjölbreyttum styrkleikum, reynslu og þörfum barnanna. Fjölbreytileiki er talinn styrkur og lögð er áhersla á virðingu, umburðarlyndi og inngildingu.

Sköpun
Sköpun er órjúfanlegur hluti af starfi Álfasteins. Börn fá fjölbreytt tækifæri til að tjá hugmyndir sínar með myndlist, tónlist, hreyfingu, byggingarleik, rannsóknum og öðrum skapandi viðfangsefnum. Áhersla er lögð á sköpunarferlið sjálft þar sem forvitni, frumkvæði og lausnaleit fá að njóta sín.

Leikurinn sem námsleið
Leikurinn er hjarta leikskólastarfsins og mikilvægasta námsleið barnsins. Í leik öðlast börn reynslu, þjálfa samskipti, þróa tungumál sitt, efla sköpunargáfu og læra að vinna með öðrum. Starfsfólk tekur virkan þátt í leik barna þegar við á, styður við hugmyndir þeirra og skapar aðstæður sem dýpka leikinn og auka námsmöguleika.

Þessi sýn endurspeglast í námsumhverfi Álfasteins. Fjölbreytt leiksvæði, rannsóknarsvæði, málörvunarsvæði, sköpunarsvæði og byggingarleikur með kubbum Caroline Pratt skapa börnum aðstæður til að læra í gegnum eigin reynslu og áhuga. Námsumhverfið er reglulega endurskoðað í ljósi ígrundunar starfsfólks og þarfa barnahópsins.

Hlutverk starfsfólks
Starfsfólk Álfasteins ber sameiginlega ábyrgð á að skapa hvetjandi námsumhverfi þar sem hvert barn fær tækifæri til að þroskast og dafna. Með fagmennsku, virku samtali og markvissri ígrundun vinnur starfsfólkið að því að þróa starfshætti sem styðja við markmið Aðalnámskrár leikskóla og skapa börnum fjölbreytt tækifæri til náms og vellíðanar.

3. Einkunnarorð og gildi
Einkunnarorð leikskólans Álfasteins eru:

Ábyrgð – Virðing – Samvinna
Einkunnarorðin eru grunnur að menningu leikskólans og leiðarljós í öllu starfi. Þau endurspeglast í samskiptum barna, starfsfólks og foreldra, í skipulagi námsumhverfis, í starfsháttum leikskólans og í þeirri sameiginlegu ábyrgð sem lögð er á gæði leikskólastarfs.

Markmið Álfasteins er að skapa samfélag þar sem öll börn upplifa öryggi, virðingu og þátttöku og fá tækifæri til að þróa styrkleika sína í leik, námi og samskiptum.

Ábyrgð
Á Álfasteini felst ábyrgð í því að hvert og eitt okkar taki ábyrgð á eigin framkomu, verkefnum og því samfélagi sem við tilheyrum. Börn eru hvött til að taka ábyrgð á eigin leik, ganga vel um efnivið og bera virðingu fyrir sameiginlegu umhverfi sínu. Starfsfólk ber ábyrgð á að skapa öruggt og hvetjandi námsumhverfi þar sem öll börn fá tækifæri til að njóta sín.

Ábyrgð birtist einnig í fagmennsku starfsfólks, markvissri ígrundun og vilja til að þróa starfshætti í samræmi við þarfir barna og markmið leikskólans.

Virðing
Virðing er grunnforsenda jákvæðra samskipta og góðrar samvinnu. Á Álfasteini er lögð áhersla á að öll börn, foreldrar og starfsfólk upplifi að á þau sé hlustað og að þau séu metin að verðleikum.

Við virðum fjölbreytileika einstaklinga og lítum á ólíkan bakgrunn, reynslu og styrkleika sem auðlind í skólasamfélaginu. Börn læra að bera virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum, umhverfinu og þeim efniviði sem þau hafa til umráða.

Virðing birtist einnig í því hvernig starfsfólk mætir börnum af hlýju, sýnir þeim traust og styður þau í að tjá skoðanir sínar og taka þátt í ákvörðunum sem varða daglegt líf þeirra.

Samvinna

Samvinna er lykill að farsælu leikskólastarfi. Á Álfasteini er lögð áhersla á að börn læri að vinna saman, deila hugmyndum, leysa verkefni í sameiningu og taka tillit til annarra.

Starfsfólk vinnur í öflugu lærdómssamfélagi þar sem fagleg umræða, ígrundun og miðlun þekkingar eru hluti af daglegu starfi. Með sameiginlegri ábyrgð og samvinnu skapast öflugur grunnur fyrir stöðugar umbætur og þróun leikskólans.

Samstarf við foreldra er jafnframt einn af hornsteinum starfseminnar. Með gagnkvæmu trausti, opnum samskiptum og sameiginlegri ábyrgð skapast bestu mögulegu aðstæður fyrir nám, þroska og vellíðan barna.

Gildin í framkvæmd

Á Álfasteini eru einkunnarorðin ekki aðeins orð á blaði heldur leiðarljós í daglegu starfi. Þau birtast í ákvörðunum, samskiptum og skipulagi leikskólans og eru höfð að leiðarljósi við þróun námsumhverfis, skipulag leikja og náms, samstarf við foreldra og faglega þróun starfsfólks.

Með ábyrgð, virðingu og samvinnu vinnur starfsfólk að því að skapa leikskóla þar sem öll börn upplifa öryggi, gleði og þátttöku og fá tækifæri til að dafna í hvetjandi og inngildandi samfélagi.

4. Megináherslur skólaársins 2026–2027

Starf leikskólans Álfasteins byggir á stöðugri þróun þar sem fagleg ígrundun, innra mat og samvinna starfsfólks eru nýtt til að efla gæði leikskólastarfs. Áherslur skólaársins 2026–2027 mótast af reynslu undanfarinna ára, niðurstöðum innra mats, ábendingum foreldra og starfsfólks og markmiðum Aðalnámskrár leikskóla.

Á skólaárinu verður lögð sérstök áhersla á að styrkja faglegt starf með því að efla fyrirsjáanleika, þróa námsumhverfið áfram og skapa skýrari umgjörð um leik, nám og samstarf. Markmiðið er að tryggja að öll börn fái fjölbreytt tækifæri til náms, þátttöku og vellíðanar í hvetjandi og inngildandi leikskólasamfélagi.

Fyrirsjáanleiki

Fyrirsjáanleiki verður megináhersla skólaársins. Reynslan hefur sýnt að skýr skipulagning og samræmd vinnubrögð stuðla að auknu öryggi og vellíðan barna og starfsfólks.

Áhersla verður lögð á:

- skýrt dagskipulag,
- samræmdar venjur og verkferla,
- skýr hlutverk starfsfólks,
- markvissa upplýsingagjöf til foreldra,
- samræmda framkvæmd milli deilda.

Markmiðið er að skapa starfsumhverfi þar sem börn vita við hverju má búast og starfsfólk hefur sameiginlega sýn á framkvæmd daglegs starfs.

Námsumhverfi

Námsumhverfið er einn mikilvægasti þátturinn í námi barna. Á Álfasteini er það skipulagt þannig að það hvetji til leikja, rannsókna, samskipta og sköpunar.

Á skólaárinu verður áfram unnið að þróun námsumhverfis með áherslu á:

- skýra afmörkun leiksvæða,
- fjölbreyttan og aðgengilegan efnivið,
- rannsóknarsvæði sem ýta undir forvitni,
- málörvunarsvæði sem styðja við tjáningu og samskipti,
- sköpunarsvæði sem hvetja til frumkvæðis og skapandi hugsunar,
- byggingarleik með einingakubbum Caroline Pratt.

Námsumhverfið verður reglulega metið og þróað út frá þroska og áhuga barna, faglegri ígrundun starfsfólks og niðurstöðum innra mats.

Þróun flæðis

Á síðasta skólaári hófst markviss þróun á skipulagi flæðis í leik og námi. Sú vinna hefur skapað dýrmæta reynslu og aukið skilning á mikilvægi þess að jafnvægi sé á milli frelsis barna í leik og skýrrar umgjarðar.

Á skólaárinu 2026–2027 verður áfram unnið með flæði sem hluta af daglegu starfi, með sérstakri áherslu á:

- vel skilgreind leiksvæði,
- ábyrgð barna á efniviði,
- virka þátttöku starfsfólks í leik,
- samræmda framkvæmd milli deilda,
- reglulega ígrundun og endurmat á skipulagi.

Markmiðið er að skapa námsumhverfi þar sem leikurinn fær að njóta sín en um leið ríkir skýr umgjörð sem styður við öryggi, sjálfstæði og fjölbreytt nám.

Faglegt lærdómssamfélag

Álfasteinn leggur áherslu á að vera lærdómssamfélag þar sem starfsfólk lærir hvert af öðru og þróar starfshætti í sameiningu.

Á skólaárinu verður lögð áhersla á:

- reglulega faglega ígrundun,
- markvissa nýtingu undirbúningstíma,

- miðlun þekkingar innan starfsmannahópsins,
- samræmda framkvæmd stefnu leikskólans,
- símenntun sem tengist markmiðum starfsáætlunarinnar.

Með þessu er stuðlað að því að ný þekking verði hluti af daglegu starfi og leiði til stöðugra umbóta.

Samstarf við foreldra

Foreldrar eru mikilvægustu samstarfsaðilar leikskólans. Áhersla verður lögð á að efla upplýsingagjöf, gagnkvæmt traust og virka þátttöku foreldra í skólasamfélaginu.

Á skólaárinu verður sérstaklega unnið að því að:

- gera faglegt starf leikskólans sýnilegra,
- efla reglulega upplýsingamiðlun,
- tryggja að foreldrasamtöl séu vettvangur samráðs,
- skapa fleiri tækifæri til samstarfs milli heimilis og leikskóla.

Umbótaáherslur skólaársins

Helstu umbótaáherslur skólaársins eru:

- að efla fyrirsjáanleika í daglegu starfi,
- að þróa námsumhverfi sem styður við leik og nám,
- að styrkja hlutverk leikskólakennara sem leiðtoga náms,
- að efla faglega ígrundun og lærdómssamfélag starfsfólks,
- að styrkja samstarf við foreldra,
- að nýta niðurstöður innra mats til markvissra umbóta.

Þessar áherslur eru samofnar formlegri umbótaáætlun leikskólans sem byggir á niðurstöðum innra mats, sjá nánar í kafla 10.

5. Starfsmannahald

Starfsfólk leikskólans Álfasteins er lykillinn að gæðum leikskólastarfsins. Markmið leikskólans er að skapa faglegt, styðjandi og hvetjandi starfsumhverfi þar sem starfsfólk nýtir hæfni sína, þróast í starfi og vinnur saman að sameiginlegum markmiðum.

Á Álfasteini ríkir lærdómsmenning þar sem fagleg ígrundun, samvinna og stöðug þróun eru eðlilegur hluti af daglegu starfi. Starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að skapa börnum öruggt, skapandi og inngildandi námsumhverfi þar sem leikur, vellíðan og nám fara saman.

Mannauður og menntun

- **Stjórnendur:** Þrír stjórnendur starfa við leikskólann, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustjóri. Allir í 100% starfshlutfalli, með leyfisbréf og viðbótarmenntun.
- **Deildarstjórar:** Fjórir deildarstjórar starfa við leikskólann, allir með leyfisbréf í 100% starfshlutfalli.
- **Kennarar:** Tveir kennarar starfa við leikskólann, báðir með leyfisbréf í 100% starfshlutfalli.
- **Önnur háskólamenntun:** Tveir í KÍ, 1 í Fræðagarði og 1 í BHM. Hópurinn hefur fjölbreyttan menntunar- og starfsbakgrunn.
- **Leiðbeinendur :** Sex eru leiðbeinendur í Hlíf í ólíkum starfshlutföllum. Samtals 3,80% starfi. Hópurinn er með ólíka menntun, leikskólaliði, stúdentspróf, grunnskólapróf.
- **Sérkennsla:** Fjórir starfsmenn sinna sérkennslu, þar af tveir þroskaþjálfar, einn sérkennari með leyfisbréf og einn kennari með leyfisbréf. Allir eru í 100% starfshlutfalli.
- **Eldhús:** Matráður og aðstoð í eldhúsi 160% starfshlutfalli. Starfsmaður við aðstoð í eldhúsi er með stúdentspróf.

Starfsmannastefna

Starfsmannastefna Álfasteins byggir á einkunnarorðum leikskólans: **ábyrgð, virðing og samvinna.**

Markmið hennar er að:

- efla fagmennsku og starfsáncegju,
- stuðla að góðri líðan starfsfólks,
- skapa öruggt og jákvætt starfsumhverfi,
- efla samvinnu og traust,
- styðja við stöðuga starfsþróun,
- tryggja faglegt leikskólastarf í þágu barna.

Starfsmenn eru hvattir til að sýna frumkvæði, taka þátt í faglegri umræðu og miðla þekkingu sinni. Með reglulegri ígrundun og samvinnu skapast öflugt lærdómssamfélag sem styður við þróun leikskólans.

Skipulag og ábyrgð

Stjórnendur bera ábyrgð á faglegri forystu, rekstri og þróun leikskólans.

Deildarstjórar leiða faglegt starf á sínum deildum, skipuleggja daglegt starf og styðja starfsfólk í framkvæmd náms og uppeldis.

Allt starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á:

- vellíðan barna,
- öryggi þeirra,
- faglegum starfsháttum,
- góðu samstarfi við foreldra,
- þróun námsumhverfis,
- og jákvæðri starfsmenningu.

Skýr verkaskipting og samræmd vinnubrögð stuðla að auknum fyrirsjáanleika í daglegu starfi og skapa betri aðstæður fyrir bæði börn og starfsfólk.

Símenntun og starfsþróun

Á Álfasteini er símenntun órjúfanlegur hluti af þróun leikskólans.

Starfsfólk tekur þátt í:

- skipulagsdögum
- námskeiðum
- fyrirlestrum
- faglegri handleiðslu
- ígrundun
- þróunarverkefnum innan leikskólans

Áhersla er lögð á að ný þekking verði hluti af daglegri framkvæmd og styðji við markmið starfsáætlunarinnar.

Móttaka nýrra starfsmanna

Áhersla er lögð á að nýtt starfsfólk fái skipulagða og faglega móttöku.

Við upphaf starfs fá nýir starfsmenn:

- kynningu á starfsemi leikskólans,
- upplýsingar um stefnu og gildi,
- leiðsögn um daglegt starf,
- kynningu á öryggis- og verkferlum,
- stuðning frá stjórnendum og samstarfsfólki.

Markmiðið er að nýir starfsmenn upplifi öryggi, verði fljótt virkir þátttakendur í starfi leikskólans og taki þátt í lærdómssamfélagi Álfasteins.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl eru haldin árlega og eru mikilvægur vettvangur fyrir faglega þróun og gagnkvæma endurgjöf.

Í samtölunum er meðal annars rætt um:

- líðan í starfi,
- styrkleika og þróunarmöguleika,
- markmið í starfi,
- símenntunarþarfir,
- samstarf og starfsumhverfi.

Niðurstöður samtalanna eru nýttar við skipulag símenntunar og áframhaldandi þróun leikskólans.

Starfsandi og vinnumenning

Á Álfasteini er lögð áhersla á að byggja upp jákvæða vinnumenningu þar sem ríkir gagnkvæmt traust, virðing og ábyrgð.

Starfsfólk vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og leggur sitt af mörkum til að skapa umhverfi þar sem:

- fagmennska er í fyrirrúmi
- samskipti eru opin og uppbyggileg
- fjölbreytileiki er metinn
- og stöðugar umbætur eru hluti af daglegu starfi

Við trúum því að góð líðan starfsfólks sé ein af mikilvægustu forsendum þess að börn upplifi öryggi, gleði og farsælt leikskólastarf.

6. Daglegt starf

Daglegt starf leikskólans Álfasteins byggir á þeirri sýn að börn læri best í gegnum leik, virk samskipti og eigin reynslu. Leikurinn er meginnámsleið barnsins og er grunnur að námi, þroska og vellíðan. Starfsfólk skapar námsumhverfi sem vekur forvitni, styður við sjálfstæði og gefur börnum fjölbreytt tækifæri til að rannsaka, skapa og læra í samvinnu við önnur börn og fullorðna.

Skipulag dagsins tekur mið af þörfum barna fyrir öryggi, fyrirsjáanleika og sveigjanleika. Áhersla er lögð á jafnvægi milli frjáls leiks, skipulagðra námsstunda, útiveru, hvíldar og daglegra athafna. Með skýru skipulagi skapast samfella í degi barnsins og rými fyrir einstaklingsbundið nám og þátttöku.

Námsumhverfi

Námsumhverfi Álfasteins er skipulagt með það að markmiði að hvetja börn til leikja, rannsókna og sköpunar. Umhverfið er lifandi og tekur breytingum í takt við áhuga barna, niðurstöður ígrundunar starfsfólks og markmið skólastarfsins.

Leikrými eru skýrt afmörkuð og bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni sem styðja við ólík áhugasvið og þarfir barna. Sérstök áhersla er lögð á:

- rannsóknarsvæði
- málörvunarsvæði
- sköpunarsvæði
- byggingarleik
- hlutverkaleik
- róleg svæði fyrir lestur og samveru

Einingakubbar Caroline Pratt eru mikilvægur hluti námsumhverfisins, bæði inni og úti. Þeir skapa fjölbreytt tækifæri til samvinnu, lausnaleitar, stærðfræðilegrar hugsunar, sköpunar og tjáningar og styðja við samþætt nám á öllum námssviðum.

Leikurinn sem námsleið

Leikurinn er grunnur alls náms á Álfasteini. Í gegnum leik öðlast börn reynslu, byggja upp þekkingu, efla samskiptafærni, þróa tungumál sitt og læra að vinna með öðrum.

Hlutverk starfsfólks er að fylgjast með leik barna, styðja við hugmyndir þeirra og skapa aðstæður sem dýpka leikinn og auka námsmöguleika. Með virkri þátttöku og markvissri leiðsögn verður leikurinn vettvangur fjölbreytts náms og uppgötvana.

Læsi og samskipti

Læsi er samofið öllu daglegu starfi leikskólans. Börn fá daglega tækifæri til að tjá sig, hlusta, ræða saman, lesa bækur, segja sögur og vinna með tungumálið á fjölbreyttan hátt.

Starfsfólk leggur áherslu á að:

- efla orðaforða
- styrkja málskilning
- hvetja börn til samræðna
- nýta opnar spurningar
- skapa ríkulegt málumhverfi

Málörvun er samþætt leik, verkefnum og daglegum samskiptum.

Sköpun og rannsóknir

Á Álfasteini fá börn fjölbreytt tækifæri til að skapa, rannsaka og prófa eigin hugmyndir.

Sköpun felur meðal annars í sér:

- myndlist
- tónlist
- hreyfingu
- hönnun
- byggingarleik
- vísindatilraunir
- náttúruskoðun

Áhersla er lögð á sköpunarferlið fremur en afraksturinn. Börn eru hvött til að velta fyrir sér, spyrja spurninga, finna lausnir og deila hugmyndum sínum með öðrum.

Heilbrigði og vellíðan

Vellíðan barna er forsenda náms.

Daglegt starf styður við heilbrigði með:

- daglegri útiveru
- fjölbreyttri hreyfingu
- hollri næringu
- hvíld
- jákvæðum samskiptum
- öruggu og hlýlegu námsumhverfi

Starfsfólk vinnur markvisst að því að efla sjálfstæði barna, félagsfærni og tilfinningalæsi þannig að hvert barn upplifi öryggi og tilheyri hópnum.

Sjálfbærni

Sjálfbærni er hluti af daglegu lífi leikskólans. Börn læra að bera ábyrgð á umhverfi sínu með því að:

- flokka úrgang
- ganga vel um efnivið
- nýta efnivið á ábyrgan hátt
- virða náttúruna
- taka þátt í umhirðu nærumhverfis

Með þessum hætti öðlast börn skilning á ábyrgð sinni gagnvart samfélagi og umhverfi.

Samþætt nám

Daglegt starf Álfasteins byggir á samþættingu allra námssviða Aðalnámskrár leikskóla. Viðfangsefni eru skipulögð þannig að leikur, rannsóknir og sköpun tengi saman ólík námssvið á eðlilegan hátt.

Námsumhverfið styður við:

- lœsi
- stœrðfrœði
- vísindi
- sköpun
- hreyfingu
- félagsfœrni
- sjálfstœði
- gagnrýna hugsun
- lýðrœðislega þátttöku

Þannig verður námið hluti af daglegu lífi barna þar sem forvitni þeirra, reynsla og áhugi eru drifkraftur námsins.

Daglegt skipulag

Daglegt skipulag leikskólans tekur mið af þörfum barnahópsins og er ætlað að skapa jafnvœgi milli leiks, náms, hreyfingar, hvíldar og umönnunar.

Skipulagið einkennist af:

- skýrum ramma og fyrirsjáanleika
- sveigjanleika til að fylgja áhuga barna
- fjölbreyttum leik- og námsaðstœðum
- virkri þátttöku barna
- góðu samstarfi starfsfólks

Með þessum hœtti skapast umhverfi þar sem börn upplifa öryggi, gleði og fjölbreytt tœkifœri til að lœra og dafna.

7. Skóladagatal

Skóladagatal leikskólans Álfasteins er unnið árlega í samrœmi við lög um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og verklagsreglur Hafnarfjarðarbœjar. Það er mikilvœgt stjórntœki sem stuðlar að fyrirsjáanleika í starfi leikskólans og auðveldar foreldrum, börnum og starfsfólki að skipuleggja skólaárið.

Við gerð skóladagatals er leitast við að skapa jafnvægi milli daglegs leikskólastarfs, starfsþróunar starfsfólks og þeirra viðburða sem einkenna skólaárið. Dagatalið er unnið af starfsfólki leikskólans, kynnt foreldraráði til umsagnar og staðfest samkvæmt gildandi verklagi Hafnarfjarðarbæjar.

Í skóladagatalinu koma meðal annars fram:

- upphaf og lok skólaárs
- skipulagsdagar
- skertir dagar
- skráningardagar
- lögbundnir lokunardagar
- helstu viðburðir leikskólans
- hefðbundnar hátíðir og menningarviðburðir
- samstarfsverkefni og aðrir mikilvægir dagar skólaársins

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru mikilvægur þáttur í faglegri þróun leikskólans. Á þeim dögum er leikskólinn lokaður og starfsfólk nýtir tímann til að:

- þróa starfshætti
- vinna að innra mati
- fara yfir umbótaáætlun
- sækja símenntun
- skipuleggja skólastarfið
- efla faglegt samstarf

Skipulagsdagar styðja við markmið starfsáætlunarinnar og eru mikilvægur vettvangur fyrir sameiginlega ígrundun og áframhaldandi þróun leikskólans.

Viðburðir skólaársins

Á skólaárinu eru haldnir fjölbreyttir viðburðir sem styðja við nám, leik og samfélag leikskólans. Meðal þeirra eru:

- aðlögun nýrra barna
- foreldrafundir nýrra foreldra
- foreldrasamtöl
- menningar- og hátíðardagar
- útivist og vettvangsferðir
- samstarfsverkefni við grunnskóla

- útskrift elstu barna
- og aðrir viðburðir sem styrkja tengsl heimilis og leikskóla

Viðburðir eru skipulagðir með það að markmiði að efla þátttöku barna, styrkja samstarf við foreldra og skapa jákvæðar sameiginlegar upplifanir fyrir allt skólasamfélagið.

Birting skóladagatals

Skóladagatal skólaársins 2026–2027 er birt í **Fylgiskjali 1** og á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar.

Leikskólinn leitast við að upplýsa foreldra tímanlega um allar breytingar sem kunna að verða á skipulagi skólaársins.

8. Samstarf

Öflugt samstarf er ein af grunnforsendum farsæls leikskólastarfs. Á leikskólanum Álfasteini byggir samstarf á gagnkvæmu trausti, virðingu og ábyrgð þar sem börn, foreldrar, starfsfólk og samstarfsaðilar vinna saman að því að skapa börnum öruggt og hvetjandi námsumhverfi.

Markmið samstarfsins er að tryggja samfellu í námi barna, efla vellíðan þeirra og skapa sameiginlegan skilning á hlutverki leikskólans í uppeldi og menntun.

Samstarf við foreldra

Foreldrar eru mikilvægustu samstarfsaðilar leikskólans. Traust og opin samskipti milli heimilis og leikskóla eru forsenda þess að hægt sé að styðja við nám, þroska og vellíðan barna á sem bestan hátt.

Áhersla er lögð á að foreldrar:

- fái reglulega upplýsingar um starf leikskólans
- taki virkan þátt í námi og velferð barna sinna
- eigi greiðan aðgang að starfsfólki og stjórnendum
- geti komið sjónarmiðum sínum og ábendingum á framfæri

Samstarfið byggir meðal annars á:

- daglegum samskiptum
- upplýsingamiðlun í Völu
- móttökusamtölum
- foreldrasamtölum
- foreldrafundum
- samstarfi við foreldraráð og foreldrafélag

Leikskólinn leggur áherslu á að gera faglegt starf sitt sýnilegt og skapa vettvang þar sem foreldrar upplifa sig sem virka þátttakendur í skólasamfélaginu.

Foreldraráð og foreldrafélag

Við leikskólann starfar foreldraráð samkvæmt lögum um leikskóla. Hlutverk þess er að fjalla um starfsáætlun og önnur málefni sem varða starfsemi leikskólans og koma á framfæri sjónarmiðum foreldra.

Foreldrafélag Álfasteins stuðlar að góðu samstarfi milli foreldra og leikskólans og stendur fyrir fjölbreyttum viðburðum sem efla samfélag leikskólans og skapa jákvæð tengsl milli fjölskyldna.

Samstarf starfsfólks

Á Álfasteini er lögð áhersla á öflugt samstarf starfsfólks þar sem fagleg þekking, reynsla og hugmyndir eru nýttar í sameiginlegri þróun leikskólastarfs.

Samstarfið byggir á:

- reglulegum deildarfundum
- stjórnendafundum
- faglegri ígrundun
- samvinnu milli deilda
- miðlun þekkingar
- sameiginlegri ábyrgð á námi og vellíðan barna

Markmið samstarfsins er að tryggja samræmda framkvæmd, efla faglegt lærdómssamfélag og skapa samfellu í starfi leikskólans.

Samstarf við grunnskóla

Áhersla er lögð á markvisst samstarf við grunnskóla til að skapa samfellu í námi barna og auðvelda þeim flutning milli skólastiga.

Samstarfið felur meðal annars í sér:

- heimsóknir elstu barna í grunnskóla
- gagnkvæmar heimsóknir starfsfólks
- samstarfsverkefni
- upplýsingamiðlun með samþykki foreldra
- samráð um stuðning við börn þegar við á

Markmiðið er að börn hefji grunnskólagöngu með öryggi, sjálfstrausti og jákvæðri reynslu.

Samstarf við sérfræðinga

Leikskólinn vinnur náið með fjölbreyttum sérfræðingum og stofnunum til að tryggja að börn og fjölskyldur þeirra fái viðeigandi stuðning þegar þörf krefur.

Samstarfið byggir á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna og sameiginlegri ábyrgð á velferð barnsins. Helstu samstarfsaðilar eru taldir upp í kafla 9 um stoðþjónustu.

Samstarf við nærsamfélagið

Álfasteinn er virkur þátttakandi í samfélagi Hafnarfjarðar. Börn taka þátt í fjölbreyttum verkefnum og heimsóknum sem tengja leikskólastarfið við nærumhverfið.

Leikskólinn leggur áherslu á að nýta nærumhverfið sem námsvettvang þar sem börn:

- kynnast náttúru og umhverfi
- heimsækja menningarstofnanir
- taka þátt í samfélagsverkefnum
- læra um sögu og menningu nærsamfélagsins

Slík reynsla eflir tengsl barna við samfélagið og styður við markmið Aðalnámskrár leikskóla um virka þátttöku og lýðræðislega menntun.

Samstarf byggir á sameiginlegri ábyrgð

Árangur leikskólastarfs verður bestur þegar heimili, leikskóli og samstarfsaðilar vinna saman að sameiginlegum markmiðum. Með opnum samskiptum, gagnkvæmu trausti og virðingu skapast öflugt skólasamfélag þar sem öll börn fá tækifæri til að dafna og njóta sín.

9. Stoðþjónusta

Leikskólinn Álfasteinn leggur áherslu á að öll börn fái notið sín í öruggu, inngildandi og hvetjandi námsumhverfi. Stoðþjónusta leikskólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og stefnu Hafnarfjarðarbæjar um snemmtækan stuðning og inngildandi skólastarf.

Markmið stoðþjónustunnar er að tryggja að börn fái stuðning við hæfi á sem allra fyrstu stigum, þannig að þau geti tekið virkan þátt í leik, námi og félagslífi leikskólans á eigin forsendum.

Til að tryggja samræmda og faglega nálgun í stoðþjónustu er unnið eftir úrræðalista leikskólans. Úrræðalistinn tekur mið af fimm grunnstoðum farsældar barna: menntun, þátttöku og félagslegum tengslum, öryggi og vernd, lífsgæðum og félagslegri stöðu, og heilsu og vellíðan.

Fyrir hverja stoð er skilgreint hvaða skimanir og athuganir eru notaðar til að meta stöðu barns, hvaða úrræði standa til boða og hver ber ábyrgð á framkvæmd þeirra. Úrræðin eru þrepaskipt í samræmi við umfang stuðningsþarfar:

1. þrep – almenn grunnþjónusta sem allt starfsfólk veitir í daglegu starfi
2. þrep – snemmtæk eða sértæk úrræði sem deildarstjórar og stjórnendur hafa umsjón með
3. þrep – einstaklingsmiðuð úrræði sem sérkennslustjóri og annað fagfólk leiðir

Þar sem þörf er á frekari stuðningi er jafnframt vísað í úrræði á vegum sveitarfélagsins, svo sem talmeinaþjónustu, sálfræðiþjónustu, kennslufulltrúa og önnur sérfræðiúrræði eftir eðli málsins.

Snemmtækur stuðningur

Á Álfasteini er lögð áhersla á að greina styrkleika og stuðningsþarfir barna eins snemma og kostur er. Starfsfólk fylgist markvisst með námi, leik, líðan og þroska barna og nýtir faglega ígrundun og skráningar sem grunn að áframhaldandi stuðningi.

Þegar þörf krefur er gripið til snemmtækra úrræða í nánu samstarfi við foreldra og viðeigandi sérfræðinga. Markmiðið er að stuðningur verði hluti af daglegu starfi leikskólans og stuðli að virkri þátttöku barna í leik og námi.

Inngildandi leikskólastarf

Álfasteinn starfar samkvæmt hugmyndafræði inngildingar þar sem öll börn eiga rétt á að tilheyra hópnum og taka virkan þátt í leik og námi óháð getu, bakgrunni eða stuðningsþörfum.

Námsumhverfi, efniviður og starfshættir eru skipulagðir þannig að þeir mæti fjölbreyttum þörfum barnahópsins. Starfsfólk leggur áherslu á sveigjanlegar lausnir og samvinnu þannig að stuðningur fari fram innan daglegs starfs eins og kostur er.

Sérkennsla og stuðningur

Sérkennsla er skipulögð í samræmi við þarfir hvers barns og byggir á einstaklingsmiðaðri nálgun. Markmiðið er að efla þátttöku barna í leik og námi og styðja við alhliða þroska þeirra.

Sérkennslustjóri leiðir skipulag og framkvæmd sérkennslu í samstarfi við stjórnendur, deildarstjóra, starfsfólk, foreldra og sérfræðinga. Stuðningur er skipulagður með það að markmiði að efla sjálfstæði barna, félagsfærni, samskipti og þátttöku í daglegu starfi leikskólans.

Samþætt þjónusta í þágu farsældar barna

Álfasteinn vinnur samkvæmt lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Þegar þörf krefur er unnið með foreldrum og samstarfsaðilum að samþættri þjónustu þar sem velferð barnsins er höfð að leiðarljósi.

Lögð er áhersla á:

- snemmtæka greiningu á stuðningsþörfum
- skýra verkferla
- virka þátttöku foreldra
- reglulegt samráð
- samfellu í þjónustu

Samstarf við sérfræðinga

Leikskólinn á í nánu samstarfi við fjölbreyttan hóp sérfræðinga sem styðja við nám og þroska barna.

Helstu samstarfsaðilar eru:

- Farsældarteymi Hafnarfjarðarbæjar
- talmeinafræðingar
- sálfræðingar
- iðjuþjálfar
- sjúkraþjálfarar
- heilsugæsla
- fjölskyldu- og barnamálasvið
- Greiningar- og ráðgjafarstöð þegar við á
- grunnskólar og aðrir samstarfsaðilar eftir þörfum

Samstarfið byggir á gagnkvæmu trausti, reglulegri upplýsingamiðlun og sameiginlegri ábyrgð á farsæld barnsins.

Mat og eftirfylgni

Stuðningur við börn er reglulega metinn í samstarfi við foreldra og þá sérfræðinga sem koma að málefnum barnsins.

Markmiðið er að:

- fylgjast með framförum
- endurskoða markmið
- aðlaga stuðning að þörfum barnsins
- tryggja að stuðningurinn skili árangri

Innra mat leikskólans gegnir mikilvægu hlutverki í þróun stoðþjónustunnar og er nýtt til að bæta verklag og efla gæði þjónustunnar.

Markmið skólaársins

Á skólaárinu 2026–2027 verður áfram lögð áhersla á að:

- efla snemmtækan stuðning
- styrkja inngildandi starfshætti
- efla samstarf við foreldra og sérfræðinga
- tryggja samfellu í þjónustu
- þróa námsumhverfi sem mætir fjölbreyttum þörfum barna
- styðja öll börn til virkrar þátttöku í leik og námi

10. Mat á skólastarfi

Mat á skólastarfi er órjúfanlegur hluti af faglegu starfi leikskólans Álfasteins. Markmið matsins er að efla gæði leikskólastarfs, styðja við faglega þróun og tryggja að starf leikskólans sé í samræmi við lög um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla og stefnu Hafnarfjarðarbæjar.

Innra mat er lifandi ferli sem byggir á reglulegri gagnaöflun, ígrundun og samvinnu starfsfólks. Niðurstöður matsins eru nýttar til að þróa starfshætti, bæta námsumhverfi og móta áherslur næsta skólaárs. Með þessum hætti verður matið hluti af daglegu starfi leikskólans en ekki aðeins verkefni sem unnið er við lok skólaárs.

Markmið innra mats

Markmið innra mats á Álfasteini eru að:

- meta gæði leikskólastarfs
- greina styrkleika og umbótatækifæri
- styðja við faglega ígrundun starfsfólks
- efla þátttöku starfsfólks, barna og foreldra í þróun leikskólans
- leggja grunn að markvissri umbótavinnu

Innra mat stuðlar að því að ákvarðanir um þróun leikskólans byggi á gögnum, reynslu og faglegu samtali.

Framkvæmd innra mats

Innra mat fer fram með fjölbreyttum aðferðum sem veita heildstæða mynd af starfsemi leikskólans.

Meðal gagna sem nýtt eru við matið eru:

- regluleg ígrundun starfsfólks
- skráningar úr daglegu starfi
- deildarfundir og stjórnendafundir
- niðurstöður foreldrakannana
- niðurstöður starfsmannakannana
- mat á námsumhverfi
- athuganir á leik og þátttöku barna
- niðurstöður málþroska- og þroskamats þar sem við á

Matið nær til allra þátta leikskólastarfsins og er unnið samkvæmt matsáætlun leikskólans.

Matsteymi
Matsteymi leikskólans leiðir framkvæmd innra mats og vinnur í nánu samstarfi við stjórnendur og starfsfólk.

Helstu verkefni matsteymis eru að:

- skipuleggja innra mat
- greina niðurstöður
- kynna niðurstöður fyrir starfsfólki
- leggja fram tillögur að umbótum
- fylgja eftir umbótaáætlun leikskólans

Með reglulegri eftirfylgni er tryggt að niðurstöður matsins leiði til raunverulegra umbóta í starfi leikskólans.

Þátttaka starfsfólks
Allt starfsfólk tekur virkan þátt í innra mati leikskólans.

Í gegnum faglega ígrundun, deildarfundi og skipulagsdaga gefst starfsfólki tækifæri til að ræða starfshætti, meta árangur og leggja fram hugmyndir að umbótum.

Þátttaka starfsfólks er ein af forsendum þess að innra mat verði lifandi hluti af menningu leikskólans.

Þátttaka foreldra
Álit foreldra er mikilvægur þáttur í mati á skólastarfi.

Leikskólinn nýtir meðal annars:

- foreldrakannanir
- foreldrasamtöl
- dagleg samskipti
- ábendingar og tillögur foreldra

Niðurstöður eru nýttar til að þróa samstarf heimilis og leikskóla og bæta þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra.

Mat á námi og þroska barna
Fylgst er markvisst með námi, leik og þroska barna með fjölbreyttum matsaðferðum sem taka mið af aldri, þroska og einstaklingsbundnum þörfum.

Matið byggir meðal annars á:

- daglegum athugunum
- skráningum

- ígrundun starfsfólks
- samtölum við foreldra
- stöðluðum matsverkfærum þegar við á

Markmiðið er að skipuleggja nám sem tekur mið af styrkleikum, áhuga og þörfum hvers barns og grípa snemma inn í þegar þörf er á frekari stuðningi.

Umbótaáætlun

Niðurstöður innra mats eru grunnur að umbótaáætlun leikskólans.

Á skólaárinu 2026–2027 verður sérstök áhersla lögð á að:

- efla fyrirsjáanleika í daglegu starfi
- þróa námsumhverfi leikskólans
- styrkja sameiginlega faglega sýn starfsfólks
- efla upplýsingagjöf til foreldra
- styrkja faglegt lærdómssamfélag
- fylgja markvisst eftir umbótaverkefnum

Ytra mat

Leikskólinn tekur þátt í ytra mati samkvæmt ákvörðun Mennta- og barnamálaráðuneytis, Hafnarfjarðarbæjar og annarra viðeigandi aðila.

Niðurstöður ytra mats eru nýttar samhliða innra mati til að efla gæði leikskólastarfs og styðja við áframhaldandi þróun leikskólans.

Samantekt

Innra mat er eitt mikilvægasta verkfæri Álfasteins til að efla gæði leikskólastarfs. Með reglulegri ígrundun, markvissri gagnaöflun og virkri þátttöku starfsfólks og foreldra skapast traustur grunnur fyrir stöðugar umbætur. Áhersla leikskólans er að niðurstöður matsins leiði ávallt til aðgerða sem bæta nám, vellíðan og starfshætti í þágu barna og starfsfólks.

11. Öryggi og velferð

Öryggi, vellíðan og velferð barna eru grunnforsendur alls starfs í leikskólanum Álfasteini. Leikskólinn leggur áherslu á að skapa öruggt, hlýlegt og fyrirsjáanlegt umhverfi þar sem öll börn upplifa öryggi, tilheyra hópnum og fá tækifæri til að dafna.

Öryggisstarf leikskólans byggir á lögum og reglugerðum um öryggi barna, vinnuvernd og brunavarnir ásamt verklagsreglum Hafnarfjarðarbæjar.

Líkamlegt öryggi
Starfsfólk ber sameiginlega ábyrgð á að tryggja öryggi barna í allri starfsemi leikskólans.

Áhersla er lögð á að:

- fylgjast með leik og athöfnum barnanna
- viðhalda öruggu leik- og námsumhverfi
- yfirfara reglulega leiksvæði og búnað
- tryggja örugga umgengni innan- og utandyra
- kenna börnum örugg vinnubrögð og góða umgengni

Öll slys og óhöpp eru skráð samkvæmt verklagsreglum leikskólans og Hafnarfjarðarbæjar og nýtt til að efla forvarnir og bæta öryggi.

Andleg og félagsleg vellíðan
Á Álfasteini er lögð rík áhersla á að skapa jákvætt og uppbyggilegt félagslegt umhverfi þar sem öll börn upplifa öryggi, virðingu og þátttöku.

Starfsfólk vinnur markvisst að því að:

- efla jákvæð samskipti
- styrkja sjálfsmynd barna
- kenna lausn ágreinings með uppbyggilegum hætti
- efla félagsfærni og samkennd
- stuðla að inngildandi skólasamfélagi

Vellíðan barna er reglulega rædd á deildarfundum og í faglegri ígrundun starfsfólks.

SMT og jákvæður skólabragur
Álfasteinn vinnur samkvæmt hugmyndafræði SMT (Skólafærni og jákvæður skólabragur), þar sem lögð er áhersla á skýrar væntingar, jákvæða leiðsögn og uppbyggileg samskipti.

Einkunnarorð leikskólans – **ábyrgð, virðing og samvinna** – eru sýnileg í daglegu starfi og mynda grunn að sameiginlegum væntingum til barna og starfsfólks.

Með markvissri kennslu á æskilegri hegðun, jákvæðri endurgjöf og samræmdum viðbrögðum er stuðlað að öruggu og jákvæðu námsumhverfi þar sem öllum líður vel.

Heilbrigði
Leikskólinn leggur áherslu á heilbrigða lífshætti sem hluta af daglegu starfi.

Börn fá daglega:

- hollan og næringarríkan mat
- reglulega hreyfingu

- útivist við hæfi
- hvíld og ró eftir þörfum
- fjölbreytt tækifæri til leikja og hreyfingar

Starfsfólk vinnur samkvæmt verklagsreglum um lyfjagjöf, smitvarnir og viðbrögð við veikindum barna.

Brunavarnir og rýming

Í leikskólanum Álfasteini er rýmingarácetlun og viðbragðsácetlun vegna elds, náttúruhamfara og annarra neyðartilvika.

Rýmingarcefingar eru framkvcemdar og cefðar samkvcemt gildandi reglum og allt starfsfólk fær leiðbeiningar um hlutverk sitt í slíkum aðstæðum.

Markmið cefinganna er að tryggja að bæði börn og starfsfólk þekki viðbrögð við neyðartilvikum og geti brugðist hratt og örugglega við.

Barnavernd

Starfsfólki leikskóla ber samkvæmt lögum skylda til að tilkynna grun um að barn búi við óviðunandi aðstæður eða sé í hættu.

Á Álfasteini er verklagsreglum Hafnarfjarðarbæjar um barnaverndarmál fylgt eftir og unnið í samstarfi við foreldra og viðeigandi þjónustuaðila þegar það er talið þjóna hagsmunum barnsins.

Velferð barnsins er ávallt höfð að leiðarljósi.

Viðbragðsácetlanir

Leikskólinn hefur viðbragðsácetlanir vegna meðal annars:

- slysa
- veikinda
- smitsjúkdóma
- elds
- rýmingar
- óveðurs
- annarra neyðartilvika

Viðbragðsácetlanir eru reglulega yfirfarnar og kynntar starfsfólki.

Sameiginleg ábyrgð

Öryggi og velferð barna byggjast á sameiginlegri ábyrgð alls starfsfólks. Með skýrum verkferlum, reglulegri þjálfun, faglegri ígrundun og góðu samstarfi við foreldra skapar Álfasteinn umhverfi þar sem börn geta leikið sér, lært og dafnað við öruggar aðstæður.

12. Lokaorð

Starfsáætlun leikskólans Álfasteins fyrir skólaárið 2026–2027 endurspeglar sameiginlega sýn, gildi og markmið leikskólans. Hún byggir á fagmennsku, samvinnu og stöðugri þróun þar sem velferð, leikur og nám barna eru ávallt í forgrunni.

Við trúum því að öflugt leikskólastarf verði til í nánu samstarfi barna, foreldra og starfsfólks. Með opnum samskiptum, gagnkvæmri virðingu og sameiginlegri ábyrgð skapast öflugt skólasamfélag þar sem öllum gefst tækifæri til að læra, vaxa og njóta sín.

Viðurkenningin **Orðsporið**, sem Álfasteinn hlaut vorið 2026 fyrir fagmennsku, ígrundun og metnaðarfullt þróunarstarf, er okkur hvatning til að halda áfram á þeirri vegferð sem leikskólinn hefur markað sér. Hún staðfestir mikilvægi þess að byggja starf á fræðilegum grunni, faglegri ígrundun og öflugu samstarfi.

Á komandi skólaári verður áfram lögð áhersla á að efla fyrirsjáanleika, þróa námsumhverfið og styrkja leikinn sem meginnámsleið barna. Með markvissri umbótavinnu, öflugu lærdómssamfélagi og virkri þátttöku barna, foreldra og starfsfólks mun Álfasteinn halda áfram að þróast sem leikskóli þar sem gæði, gleði og vellíðan fara saman.

Við viljum að hvert barn sem stígur sín fyrstu skref í leikskólanum Álfasteini upplifi að það sé mikilvægt, fái að njóta styrkleika sinna og finni að það tilheyri. Með ábyrgð, virðingu og samvinnu leggjum við grunn að farsælli skólagöngu og ævilangri löngun til náms.

Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Skóladagatal 2026–2027

Fylgiskjal 2 – Umbótaáætlun skólaárið 2026–2027